

**283. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
mánudaginn 20. nóvember 2023 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Halla Marta
Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Anna Þóra
Gísladóttir verkefnastjóri, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri og Lárus
Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2309262 - Jaðarsbakkar - Íþróttahús uppsteypa og ytri frágangur

Vettvangsskoún í nýja íþróttahúsið að Jaðarsbökkum.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða yfirferð og skemmtilega heimsókn.

2. 2311169 - Aðaroddi - rekstrarhringur og brú (Dreyri)

Fulltrúi frá hestamannafélaginu Dreyra kynnir hugmyndir um rekstrarhring og
brú yfir Flæðilæk.

*Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra áframhaldandi vinnu við málið
hvað varðar rekstrarhring og lokun Elínarvegar.*

*Varðandi beiðni um brú yfir Flæðilæk og áframhaldandi reiðstíg þá samræmist
bað ekki gildandi aðalskipulagi Akraneskaupstaðar 2021-2033 og getur ráðið
því ekki orðið við þessari beiðni að svo stöddu.*

3. 2203220 - Tjaldsvæði í Kalmansvík

Beiðni um framlengingu samnings um rekstur á tjaldsvæði.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að framlengja samning um
rekstur tjaldsvæðisins við Landamerki ehf. til 30. apríl 2025.*

4. 2301069 - SogU - slæm umgengni (kvartanir vegna þess)

Ábendingar um slæma umgengi á Jaðarsbökkum og víðar.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góðar og þarfar ábendingar. Ráðið felur
garðyrkjustjóra að útbúa aðgerðaráætlun og leggja fyrir á næsta fundi ráðsins.*

5. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar og frumhönnun

Áframhaldandi vinna við skipulag á Jaðarsbökkum. Farið yfir næstu skref
verkefnis og greinagerð skipualagsfulltrúa lögð fram vegna vals á ráðgjöfum fyrir
skipulag á Jaðarsbökkum.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að ganga til samninga við
Basalt arkitekta varðandi deiliskipulagsvinnu á Jaðarsbökkum samanber
greinagerð skipualagsfulltrúa. Ráðið mun bjóða framkvæmdastjóra og fulltrúa*

stjórnar ÍA og KFÍA (2 aðilar frá hvoru félagi) að sitja fundi skipulags- og umhverfisráðs sem áheyrnarfulltrúar reglulega undir þessum málslið, þar til skipulagsvinna klárást.

6. 2309252 - Deiliskipulag Akratorg Kirkjubraut 1 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Kirkjubraut 1, um að fremri byggingin á lóðinni við Kirkjubraut 1 verði í heild sinni klædd að utan með báruklæðningu, með þeim formerkjum að allur frágangur á klæðningu verði í samræmi við byggingarstíl frá þeim tíma sem húsið er byggt.

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 2 mgr. 43. gr skipulagsлага nf. 123/2010. frá 16. október til 16. nóvember 2023 fyrir lóðarhöfum að Kirkjubraut 2, 3 og 4-6, Skólabraut 37 og Heiðargerði 6 og 8. Þrjú samþykki bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni er í höndum lóðarhafa.

7. 2309253 - Kirkjubraut 4-6 n.h. breyting í íbúðir - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn lóðarhafa Kirkjubrautar 4-6 um að breyta hluta húnæðis í íbúðir skv. meðfylgjandi uppráttum. Breytingin felst í að þremur íbúðum, einni þriggja herbergja, einni tveggja herbergja og einni 9 herbergja verður komið fyrir á neðstu hæð hússins.

Skipulags- og umhverfisráð tekur neikvætt í fyrirspurnina, þar sem fyrir liggur stefnumótun í aðalskipulagi um miðbæjarstarfsemi á svæðinu.

8. 2306149 - Vatnsrannsóknir á Akranesi

Áætlun frá Verkís yfir áframhaldandi rannsóknir lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að semja við Verkís um næsta áfanga í samræmi við áætlun þeirra.

9. 2104080 - Flóahverfi - gatnagerð

Yfirferð á stöðu framkvæmda í gatnagerð í Flóahverfi.

Umhverfisstjóri kynnti stöðu framkvæmda, en vangaveltur eru um legu háspennustrengs í gegnum hverfið.

10. 2301247 - Suðurgata 57 - gamla Landsbankahúsið

Framtíð gamla Landsbankahússins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að auglýsa eftir áhugasönum aðilum varðandi framtíðarnotkun á Suðurgötu 57.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

Gud - Þingfólk Þingjárhús

Sorais Álexa Sigurðarssel.

Anna Þórey Smárðóttir